

Akraneskaupstaður kt. 410169-4449 í samningi þessum nefnt lóðarhafi og Orka Náttúrunnar, kt. 521213-0190, Bæjarhálsi I, 110 Reykjavík, í samningi þessum nefnd ON, gera með sér svofellðan samning.

Samning:

Samningur þessi lýsir réttindum og skyldum aðila við uppsetningu og rekstur hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla að Dalbraut I sbr. meðfylgjandi loftmynd sem telst vera hluti samnings þessa, staðsetning hraðhleðslustöðvarinnar er merkt gulum punkti.

1.gr.

Samningur þessi undirstrikar vilja samningsaðila til að vinna saman að því tilraunaverkefni að byggja upp innviði fyrir hraðhleðslu á rafbílum. Markmiðið er að auka aðgengi rafbílaeigenda að möguleikum til að hraðhleðslu.

2.gr.

ON útvegar hraðhleðslustöðina, annast uppsetningu hennar, tengir við rafstreng lóðarhafa við dreifikerfi OR og hraðhleðslustöðina ásamt því að sinna viðhaldi hennar í a.m.k. eitt ár. Gengið verður frá yfirborði eins vel og kostur er að loknum framkvæmdum.

3.gr.

Lóðarhafi ákveður staðsetningu hraðhleðslustöðvarinnar og leggur rafstreng (ásamt jarðvinnu og frágangi) að væntanlegri staðsetningu ásamt því að setja upp undirstöðu fyrir hraðhleðslustöðina (sem ON leggur til), á sinn kostnað. Lóðarhafi leggur rafstreng að hraðhleðslustöðinni og heimilar ON að tengja rafstrenginn við hraðhleðslustöðina og dreifikerfi ON. Rafstrengurinn verður tengdur við 125A var í tengiskáp. Mælir sá sem OR setur upp skal vera á nafni lóðarhafa.

4. gr.

Aðilar eru sammála um að engar greiðslur gangi á milli aðila vegna afnota af lóð fyrir hraðhleðslustöðina.

Lóðarhafi tekur frá a.m.k. tvö bílastæði sem eingöngu eru ætluð fyrir hleðslu rafmagnsbíla og veitir ON heimild til að merkja þau sérstaklega, til að mynda með því að mála þau og aðgreina frá öðrum stæðum. Lóðarhafar skulu einnig tryggja greiða leið og umferðarrétt að og frá stæðunum.

Lóðarhafi veitir ON heimild til að sinna viðhaldi á hraðhleðslustöðinni eftir þörfum með tilheyrandi kvöð um umferðarrétt starfsmanna ON.

Lóðarhafi skuldbindur sig til að upplýsa ON um orkunotkun hraðhleðslustöðvarinnar og láta viðskiptavinum í té aðstoð ef óskað er.

Samningur þessi skal endurskoðaður að ári liðnu en er óuppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á þeim tíma. ON áskilur sér rétt til að hefja gjaldtöku fyrir hleðslu rafbíla.

Lóðarhafa er heimilt að nýta hraðhleðslustöðina í kynningarefni sínu í samráði við ON, en vörumerki ON skal ætíð vera sýnilegt í kynningarefni lóðarhafa



Verði aðilaskipti að lóðarleiguréttindum samkvæmt samningi þessum færast sömu skyldur á nýjan leigutaka.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar og skal ON á sinn kostnað láta þinglýsa samningi þessum. Rísi mál út af samningi þessum eru aðilar sammála um að reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


Öllu framangreindu til staðfestu rita leigusali og leigutaki nöfn sín í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 17. mars 2015


F.h. ON



Brynjar Stefánsson


F.h. Akraneskaupstaðar



Regína Ásvaldsdóttir


Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila


Nafn


Kennitala


Nafn


Kennitala



18